



Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1661
komudagur 19.2.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2013

1210239SA GB
Málalykill: 112

Efni: Umsögn um frv. til br. á sveitarstjórnarlögum, 449. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndarsviði Alþingis, dags. 4. febrúar 2013, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. beðist er velvirðingar á því að vegna annríkis er umsögn send degi eftir lok umsagnarfrests.

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra geti heimilað sveitarfélögum, að beiðni þeirra, að íbúakosning fari eingöngu fram með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna íbúakosninga verði rafræn. Markmið frumvarpsins er m.a. að þróa tæki eða aðferðir til þess að auðvelda sveitarfélögum að kanna vilja íbúa þeirra til ýmissa mála, en um leið snertir frumvarpið íbúa þessara sömu sveitarfélaga þar sem því er ætlað að auðvelda þeim að hafa áhrif á stjórnun og stefnumótun sveitarfélaganna.

Það að sveitarstjórnir geti valið að íbúakosningar sem fram fara samkvæmt sveitarstjórnarlögum fari eingöngu fram með rafrænum hætti er mjög í anda þeirra áherslna sem sjá má í X. kafla sveitarstjórnarlaga nýrra sveitarstjórnarlaga, er þar er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir hafi val um fjölbreyttar aðferðir til að hafa samráð við íbúa um mikilvæg málefni og stefnumótun fyrir sveitarfélagið. Með frumvarpinu er sveitarstjórnnum eftirlátið svigrúm til þess að meta hvaða leið þær telja besta til þess að virkja samráð sitt við íbúa, þ.e. hvort þær vilja halda sig við þá hefðbundnu framkvæmd sem kveðið er á um í X. kafla sveitarstjórnarlaga eða nýta sér heimild frumvarpsins til rafrænna kosninga.

Samband íslenskra sveitarfélaga átti aðkomu að gerð frumvarpsins og styður sambandið að það verði að lögum. Vill sambandið leggja áherslu á að ef árangur á að nást af þeirri lagasetningu sem hér um ræðir þarf að tryggja fjármagn til nauðsynlegs þróunarkostnaðar. Í skýringum við frumvarpið kemur fram að gert er ráð fyrir að kostnaði verði mætt m.a. með fjárveitingum frá ríkinu sem falla undir verkefni á sviði upplýsingasamfélagsins og telur sambandið mikilvægt að þau áform gangi eftir.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs